

## • Val á samgöngumáttum

Strandflutningar gætu reynst umhverfisvænni en umfangsmiklir landflutningar og gæti það verið tilefni til sérstakrar skoðunar, sérstaklega ef rekja má að stöðumun til stjórnvaldsákvarðana. Þá ætti að huga sérstaklega að flutningi olíu og annarra efna sem hættuleg eru fólk og umhverfi, en oft væri ástæða til að beina slíkum flutningum til sjávar. Flest skipin sem sigla við strendur Íslands eru tiltölulega ný.

Með því að hafa áhrif á val á samgöngumáta á landi er hugsanlegt í sumum tilfellum að minnka notkun á eldsneyti, t.d. eru óvélknúnir samgöngumátar (ganga og hjólreiðar) vistvænstu samgöngur sem völ er á. Að auki eru þeir kjörin leið til útivistar og hreyfingar. Helstu gallarnir eru takmörkun á yfirferð og áhrif veðurfars. Með góðri skipulagningu og gerð stíga má þó auka vægi þeirra í samgöngum, sérstaklega í styrtum ferðum. Vistvænar almenningssamgöngur eru varla til hér á landi, en vegna umhverfisvænnar orkuvinnslu eru möguleikar á þeim meiri en víða annars staðar og munu tilraunir þar að lútandi væntanlega hefjast á næsta ári. Aukning í notkun hefðbundinna almenningssamgangna gæti einnig dregið úr losun á CO<sub>2</sub>.